

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 2. október 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Tryggvi Eiríksson, Heimir Karlsson, Sigurður Jónsson, Árni Sverrisson og Páll Ægir sem ritaði fundargerð.

Á fjarfundi: Vignir Traustason, Pálmi Gauti Hjörleifsson og Jón Frímann Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:36.

Dagskrá stjórnarfundar

- Yfirferð sl. mánaðar.
- Staðan á íbúða og orlofshúsamálum.
- Fagráð um siglingar – Páll Ægir.
- Fréttir af fundi ráðgjafanefndar Hafró frá því um morguninn 2. okt.
- Önnur mál.

Ljósmyndakeppni sjómanna ofl.

1. **Formaður fór yfir ýmis mál síðastliðins mánaðar.** Hann mun funda með Hönnu Katrínu atvinnuráðherra á morgun þar sem á dagskrá verða málefni Verðlagsstofa skiptaverðs, fiskverðsmál, lífeyrismál ofl. Einnig fór hann yfir þrjár umsagnir sem hann sendi inn nýlega. Sérstaklega eru lífeyrismálin alvarleg ekki síst vegna hinna miklu örorkubyrði Gildis sem veldur mönnum áhyggjum.

2. **ÁS fór yfir stöðuna á íbúða og orlofsmálum.** Pálmi Gauti tekur við lyklum bráðlega af sumarbústaðnum okkar nýja í Huldulandi á Akureyri. Kvartanir hafa borist vegna þrifa á íbúðum á Akureyri, gripið verður til aðgerða. Athygli vekur að slíkar kvartanir hafa ekki borist vegna íbúða í Reykjavík. Einnig var rætt um flutning gagna frá skrifstofu Vísis og eignastöðu félagsins sem runnu til FS, en þær eru tvær fasteignir, íbúð á Akureyri og sumarbústaður í Brekkuskógi ásamt bankainnistæðum, samtals um 280 milljónir. ÁS óskaði eftir heimild til að ljúka greiðslu styrkja og fór yfir hvernig vinna skuli með inneignir í banka. Sigurður Jónsson sagði frá málalokum Vísis og að sumir félagsmenn Vísis hefðu verið óánægðir í upphafi, en væru ekki lengur, hann sagði að langflestir væru ánægðir með sameininguna.

3. **Fagráð um siglingar** Páll Ægir formaður ráðsins kynnti starfsemi fagráðs um siglingar sem veitir ráðherra ráðgjöf um málefni siglinga, hafna, vita, sjóvarna og öryggismál sjófarenda. Hann greindi frá verkefnum fagráðsins, m.a. öryggisúttektum í höfnum vegna skemmtiferðaskipa, breytingum á lögum um áhafnir skipa, kadettanámi, styrkjum til nýsköpunar og ýmsum kynningum. Umræður sköpuðust um mönnunarmál fiskiskipa og nauðsyn þess að tengja mönnun við veiðar og vinnslu. Friðrik Höskuldsson skipherra sagði frá nýlegu atviki þar sem skipstjóri frá eldisfyrirtæki fór einn í báti, án vélaréttinda. Varðskip sem statt var á svæðinu hafði samband við bátinn og málið er til meðferðar hjá lögreglu. Nauðsynlegt er að eldisfyrirtækin virði mönnunarreglur en flest fyrirtæki í fiskeldi gera það þó ekki án undantekninga eins og þetta dæmi sannar.

4. **Hafró og fl.** ÁS sagði frá forstjóraskiptum í Hafró, Þorsteinn Sigurðsson hefur beðist lausnar, ráðherra hefur skipað Eggert Benedikt Guðmundsson tímabundið forstjóra þar til nýr verður skipaður í mars 2026. Fyrirhugað er að skrifa undir stofnanasamning svo fljótt sem verða má fyrir skipstjóra og stýrimenn stofnunarinnar. Vonandi tekst okkur það í næstu viku. Pálmi Gauti er í nefnd um djúpkarfaveiðar á vegum félagsins, hann greindi frá fundi sem hann sótti í atvinnuvegaráðuneytinu. Nefndin var skipuð í þeim tilgangi að finna leið til að ráðherra geti gefið út veiðiheimildir í djúpkarfa, í reglugerð með stoð í lögum. Ástæðan er að skv. ráðgjöf Hafró er þriðja árið í röð, núll aflaheimildir í djúpkarfa. Fundurinn skilaði ekki miklum árangri, en Pálmi sendi inn tillögu fyrir hönd félagsins um að djúpkarfi mætti vera 30% af heildarafla grálúðu og gullax í hverri veiðiferð. Bein sókn í djúpkarfi væri óheimil. Tillagan er til skoðunar í

ráðuneytinu. Áhersla var jafnframt lögð á samráð og nauðsyn þess að hafa virka nefnd þegar næsta heildarúthlutun á veiðiheimildum fer fram.

5. Önnur mál.

Bústaður í Skorradal, ákveðið að skoða endurskipulagningu hússins eftir sumarið. Merkingar þurfa að vera betri. Heimilað að koma upp skjólvegg o.fl.

Ljósmyndakeppni sjómanna, Hilmar Snorrason hefur umsjón með keppninni. Verðlaunafé sem við á Íslandi höfum gefið í keppnina er 400 evrur, samþykkt var að FS gefi þá upphæð. Styrkir og Hrafnistubréf. Styrkur upp á 50.000 kr. veittur til Hrafnistu (án virðisaukaskatts), í formi auglýsingar/lógós. Pálmi Gauti lagði til að félagið móti sér styrktarstefnu og stjórnin setji hámarksupphæð fyrir styrkveitingar. Það var samþykkt.

Leiktæki: Jóna Brynja fékk tilboð í leiktæki fyrir Skorradal og Stekkjarbyggð í Fljótsdal. Tillaga verður lögð fyrir stjórn um uppsetningu í vor.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:23



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari